

GJALDSKRÁ

Veitna ohf. fyrir heitt vatn.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir heitt vatn á veitusvæðum Veitna. Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni, 2% af smásöluverði. Heimilt er að miða innheimtu skattsins við áætlaða sölu. Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, 11% af vatni til húshitunar og laugarvatns en 24% til annarra nota.

Á veitusvæðum gilda mismunandi taxtar í þéttbýli og dreifbýli.

2. gr.

Almennir taxtar, mæld notkun.

Taxti	Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H1A-C	Einingaverð	Sala í þéttbýli	187,84	3,76	212,68	kr./m ³
J1A-C	Einingaverð	Sala í dreifbýli	247,88	4,96	280,65	kr./m ³
H31A-C	Einingaverð	Bakvatn < 30°C	6,76	0,14	7,66	kr./m ³

Taxtarnir gilda fyrir alla húshitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

Heitt vatn er selt samkvæmt rúmmetramælingu.

Bakvatn úr dreifikerfi Veitna er einungis afgreitt á ákveðnum stöðum í dreifikerfinu og er að jafnaði innan við 30°C. Bakvatn ber virðisaukaskatt í samræmi við notkun.

Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu heits vatns.

Veitum er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri Veitur þær ráðstafanir sem má ætlast til af þeim til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.

Allt heitt vatn sem selt er með einhvers konar afslætti er þar með ekki forgangsvatn og því skerðanlegt.

Sækja skal skriflega um alla taxta aðra en ofangreinda taxta.

Heimilt er að innheimta 30% af áætluðum vatnskaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæð ári eftir að hún er tilbúin til notkunar.

3. gr.

Almennir taxtar, fast verð.

Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	61,94	1,24	70,13	kr./dag
H1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	129,40	2,59	146,51	kr./dag
H1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	262,22	5,24	296,88	kr./dag
Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	70,11	1,40	79,38	kr./dag

J1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	146,14	2,92	165,46	kr./dag
J1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	295,80	5,92	334,91	kr./dag

Fast verð er hluti af almennum taxta og í öllum öðrum samningum þar sem selt er samkvæmt mæli.

Fast verð er fyrir föstum kostnaði og er háð stærð mælis. Gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

4. gr.

Gróðurhús og sundlaugar.

Taxti	Tegund	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H3A-C	Einingaverð	Gróðurhús	93,88	1,88	106,29	kr./m ³
H4A-C	Einingaverð	Sundlaugar	93,88	1,88	106,29	kr./m ³

Skýringar:

Taxtar H3 og H4 eru ekki vegna forgangsvatns. Taxtarnir gilda þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Veitna.

H4 taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn þessum taxta ef sundlaugin er aðalþáttur í starfsemi kaupanda.

H3 taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir í atvinnuskyni.

Taxtar H3 og H4 verða aðeins tímabundið í boði.

5. gr.

Snjóbræðsla, fiskeldi, íþróttavellir utan húss, iðnaðarvatn og iðnaðarvatn í framleiðsluferla.

Taxti	Tegund	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 24% vsk	Grunnur
V1A-C	Einingaverð	Snjóbræðsla	187,84	3,76	237,58	kr./m ³
V2A-C	Einingaverð	Fiskeldi	93,88	1,88	118,74	kr./m ³
V3A-C	Einingaverð	Íþróttavellir, utanhúss	141,06	2,82	178,41	kr./m ³
V4A-C	Einingaverð	Iðnaðarvatn í framleiðsluferla	93,88	1,88	118,74	kr./m ³
V5A-C	Einingaverð	Iðnaðarvatn	187,84	3,76	237,58	kr./m ³

Skýringar:

Taxtar V1 til V5 eru ekki vegna forgangsvatns. Þeir gilda þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Veitna.

V1 taxtinn gildir fyrir sértengt snjóbræðslukerfi.

V2 taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

V3 taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utanhúss.

V4 taxtinn gildir fyrir atvinnustarfsemi sem nýtir heitt vatn beint í framleiðsluferla. Taxtinn gildir í engum tilvikum fyrir húshitun eða kranavatn.

V5 taxtinn gildir fyrir atvinnustarfsemi.

Taxtar V2, V3, V4 og V5 verða aðeins tímabundið í boði.

5.1

Snjóbræðsla (ekki forgangsvatn).

Snjóbræðslutaxti, framrásarvatn (aðeins í þéttbýli).

Taxti	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 24% vsk	Grunnur
	Fast verð	786,84	15,74	995,20	kr./dag
S1	Einingaverð	109,17	2,18	138,07	kr./m ³

Skýringar:

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímamæling), sem Veitur leggja til. Skilyrði að GSM-samband til fjarmælingar sé til staðar á afhendingarstað.

Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem Veitur leggja til.

Snjóbræðslutaxti, framrásarvatn með flatargjaldi (aðeins í þéttbýli).

Taxti	Tegund		Kr.	2% skattur	Með 24% vsk	Grunnur
	Fast verð		786,84	15,74	995,20	kr./dag
S12	Einingaverð		109,17	2,18	138,07	kr./m³
S12	Daggjald	Fyrir hvern m² snjóbræðslufatar	0,24	0,005	0,30	kr./m²

Skýringar:

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímamæling), sem Veitur leggja til. Skilyrði að GSM-samband til fjarmælingar sé til staðar á afhendingarstað.

Taxtinn miðast við að tvöfalt dreifikerfi sé til staðar hjá kaupanda. Daggjaldið er á hvern m² snjóbræðslufatar.

Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem Veitur leggja til.

6. gr.

Hemlataxtar – dreifbýli.

Dreifbýli	Taxti		Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
Hemlataxti	Fast verð	Kr. á dag fyrir 3 mínútulíttra	458,12	9,16	518,68	kr./dag
H1	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.líttra umfr. 3 l	91,62	1,83	103,73	kr./dag

Skýringar:

Gildir fyrir frístundahús á svæðum Austurveitu, Grímsnesveitu, Hlíðaveitu, Ölfusveitu, Skorradalsveitu, Munaðarnesveitu og Norðurárdalsveitu.

Hitaveituvatn til frístundahúsa er selt um hemil til takmörkunar á rennsli. Mínútulítri táknað það rennsli sem gefur 1 lítra af vatni á 1 mínútu.

Innifalið í grunnverði eru 3 mínútulítrar, sem er minnsta magn sem afhent er til sumarhúsa.

Hægt er að sækja um aukið vatnsmagn hvenær sem er en umsókn um minnkun er aðeins framkvæmd mánuðina apríl og maí ár hvert.

Hugsanlegt er að svæðisbundið sé ekki nægt vatn til að verða við óskum um að kaupa aukið vatnsmagn.

Heimilt er að innheimta 30% af áætluðum vatnskaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæð ári eftir að hún er tilbúin til notkunar.

7. gr.

Verðskrá fyrir Rangárveitu dreifbýli.

Samkvæmt reglugerð nr. 10/2012 um breytingu á reglugerð nr. 297/2006, um Orkuveitu Reykjavíkur, nær veitusvæði fyrirtækisins til Hellu og Hvolsvallar og nærliggjandi sveita, eins og það veitusvæði er skilgreint í samningi frá 25. janúar 2005 milli Orkuveitu Reykjavíkur, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Ásahrepps. Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um Orkuveitu Reykjavíkur segir einnig að í þeim tilvikum þar sem á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur gilda mismunandi taxtar í þéttbýli og dreifbýli skal skilgreining á milli þéttbýlis og dreifbýlis fylgja því hvernig viðkomandi sveitarfélag skilgreinir þéttbýli á aðalskipulagi. Ákvæði 7. gr. gjaldskrár þessarar gilda eingöngu fyrir dreifbýli á því svæði sem framangreindur samningur tekur til. Önnur ákvæði gjaldskrárinnar, s.s. ákvæði 8. gr. um heimlagnir gilda einnig á því svæði eftir því sem við á.

7.1

Mæld notkun.

Taxti	Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A-C	Einingaverð	Sala í dreifbýli	247,88	4,96	280,65	kr./m ³

7.2

Fast verð.

Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	70,11	1,40	79,38	kr./dag
J1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	146,14	2,92	165,46	kr./dag
J1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	295,80	5,92	334,91	kr./dag

7.3

Íbúðarhús – blandaður taxti.

Taxti	Tegund	Grunnur	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
HR5	Fast verð	Grunndagverð	80,10	1,60	90,69	kr./dag
	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.lítra	91,41	1,83	103,50	kr./dag
	Einingaverð	Neysluvatn um rennslismæli	238,63	4,77	270,17	kr./m ³

7.4

Hemlataxti – dreifbýli.

Taxti	Tegund	Grunnur	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H1	Fast verð	Kr. á dag fyrir 3 mínútolítra	458,12	9,16	518,68	kr./dag
	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.lítra umfram 3 l	91,62	1,83	103,73	kr./dag

8. gr.

Heimæðar – almennt.

Almennt verð heimæða gildir á nýbyggingarsvæðum þar sem inntaksrými er samkvæmt skilmálum. Verð gildir ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum, þar greiðir umsækjandi samkvæmt kostnaðaráætlun. Geri húseigandi, sveitarfélag eða lóðarhafi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélags ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna, inntaksbúnaðar og á inntaksstað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

8.1

Heitt vatn – heimæðagjöld.

Neðangreint verð gildir í þéttbýli þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 50 m. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnspörf í umsókn að höfðu samráði við Veitur. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðar til annarra nota.

Taxti	Málstærð	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H1H	20 mm	420.590	466.855	521.532
H1H	25 mm	657.170	729.459	814.891
H1H	32 mm	1.076.708	1.195.146	1.335.118
H1H	40 mm	1.682.359	1.867.418	2.086.125
H1H	50 mm	2.628.684	2.917.839	3.259.568
H1H	65 mm	4.442.482	4.931.155	5.508.678
H1H	80 mm	6.729.441	7.469.679	8.344.507
H1H	100 mm	10.514.751	11.671.374	13.038.292
H1H	125 mm	16.429.299	18.236.522	20.372.331
H1H	150 mm	23.658.190	26.260.591	29.336.156
H1H	200 mm	42.059.005	46.685.496	52.153.166

Skýringar:

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðagjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðagjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 50 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

8.2

Heitt vatn – bráðabirgðatengingar.

Taxti	Málstærð	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H2H	20 mm	140.419	155.865	174.120

Skýringar:

Verðið gildir fyrir tengingu við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk ásamt einni tengigrind. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu er hún gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

8.3

Heimæðagjöld í dreifbýli (lögbyli og heilsárshús).

Neðangreint verð gildir þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 70 m. Stærð heimæðar ákvarðast af tilgreindu vatnsmagni í umsókn en stærð heimæðar til upphitunar húsnæðis tekur mið af rúmmáli þess. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðar til annarra nota.

Taxti	Málstærð m.v. stál	Málstærð m.v. PEX	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H3H	20 mm	25 mm	608.478	675.411	754.513
H3H	25 mm	32 mm	950.743	1.055.325	1.178.921
H3H	32 mm		1.557.697	1.729.044	1.931.544

Skýringar:

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðagjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðagjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 32 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

8.4

Heimæðagjöld fyrir frístundahús (í samræmi við byggingarleyfi).

Neðangreint verð gildir í frístundahúsabygðum þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 100 m. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðar til annarra nota. Heimilt er að gefa 20% afslátt frá þessum verðum þar sem húseigandi sér um allan gröft og frágang í samræmi við kröfur Veitna.

Taxti	Málstærð, skýring	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H4H	20 mm PEX heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	882.112	979.144	1.093.819
H5H	20 mm PEX heimæð lögð samtímis og í sama skurði og kaldavatsnæð OR	621.078	689.397	770.137

Skýringar:

Heitavatsnheimæðar fyrir frístundahús eru lagðar með 20 mm PEX. Ósk um stærri heimæð fellur undir mat Veitna á styrk dreifikerfis og verði ósk samþykkt greiðir umsækjandi allan viðbótarkostnað sem fylgir stærri heimæð og þ.m.t. styrkingu á aðveitu.

8.5

Heitt vatn – önnur heimæðaðþjónusta.

Taxti	Skýring	Án vsk kr.	Með 11% vsk
H10	Lágmarksgjald fyrir breytingu/færslu heimæða	79.362	88.092

Heimilt er að falla frá þessu lágmarksgjaldi þar sem komið er að endurnýjun lagna.

9. gr.

Merki frá mæli fyrir notanda.

Beiðni notanda um merki frá mæli til nota við eigið stjórn- eða upplýsingakerfi.

Taxti	Skýring	Án vsk kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H6H	Tengigjald fyrir aðgang að púlsum frá mæli, uppsett tengidós	44.477	49.369	55.151
H7H	Ótímabær mælaskipti, 15-20 mm	13.763	15.277	17.066
H8H	Ótímabær mælaskipti, 25-50 mm	34.406	38.191	42.663
H9H	Ótímabær mælaskipti, 65 mm	41.288	45.830	51.197

Skýringar:

Tengigjald er greitt fyrir aðgengi að merki frá mæli. Veitur setja upp tengidós sem er aðgengileg fyrir notanda að tengja við sinn búnað.

Þurfi að skipta um mæli þar sem mælir er ekki hæfur til að gefa frá sér merki þarf notandi að greiða fyrir mælaskipti og dýrari mæli til viðbótar við tengigjald.

Veitur taka enga ábyrgð á púlсутgangi eða notkun hans og vegna tækniþróunar mæla er ekki mögulegt að ábyrgjast að næsta mælitæki verði með sambærilegum útgangi.

10. gr.

Þjónustugjöld.

Texti	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
Seðilgjald	380	422	471
Tilkynningar- og greiðslugjald	62	69	77
Aukaálestur	6.982	7.750	8.658
Skipting orkureiknings ¹	3.713	4.121	4.604
Innheimtuviðvörðun ²	950		
Lokunargjald	8.727	9.687	10.821
Lokunargjald fyrir lokun að beiðni notanda. Fyrir sumarhús, endurkoma vegna tengingar eða útkall v/búnaðar notanda ³	25.190	27.961	31.236
Gjald fyrir opnun utan dagvinnutíma ⁴	25.190	27.961	31.236

Texti	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
Gjald fyrir innheimtuaðgerð þar sem nauðsynlegt er að grafa niður á heimæð ⁵	420.590	466.855	521.532

Skýringar:

¹ Þessi þjónusta er ekki lengur í boði. Gildir fyrir fyrri samþykktar skiptingar.

² 20 dögum eftir gjalddaga.

³ Lokunargjald ef notandi óskar eftir tímabundinni lokun.

Gjald fyrir endurkomu þegar umsækjandi hefur ekki uppfyllt sín skilyrði við áhleypingu.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda.

Sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

⁴ Gjald fyrir opnun sem óskað er eftir að verði framkvæmd utan dagvinnutíma.

⁵ 25% álag reiknast á innheimtuaðgerð utan þéttbýlis.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð fyrir Orkuveitu Reykjavíkur nr. 297/2006, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1684/2024.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 13. júní 2025.

F. h. r.

Magnús Dige Baldursson.

Hreinn Hrafnkelsson.

B deild - Útgáfudagur: 30. júní 2025